



## Reglur um ráðningu starfsmanna og starfsmannamál í Skaftárhreppi

### 1. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnarstöður hjá sveitarfélagi og veitir þeim lausn frá starfi, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Helstu stjórnarstöður hjá sveitarfélaginu eru yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins. Auk sveitarstjóra falla þar undir nú; störf skipulags- og byggingarfulltrúa, fjármála- og skrifstofustjóra, forstöðumanns íþróttamiðstöðvar, forstöðumanns héraðsbókasafns, slökkviliðsstjóra, forstöðumanns eignarsjóðs, hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og skólastjóra tónlistar-, leik- og grunnskóla.

### 2. gr.

Sveitarstjóri ræður aðra starfsmenn og veitir þeim lausn frá starfi. Þegar ráðning í starf er fyrirhuguð utan skrifstofu sveitarfélagsins skal yfirmaður stofnunar/deildar sem verður daglegur yfirmaður starfsmanns kynna sveitarstjóra að ráða þurfi í starf. Sveitarstjóri getur falið viðkomandi yfirmanni undirbúning ráðningar, t.d. auglýsingu starfs eins og við á, móttöku umsókna og frummat á umsóknum.

Þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir skal yfirmaður stofnunar/deildar sem verður daglegur yfirmaður starfsmanns koma að frágangi ráðningarsamnings í samráði við sveitarstjóra og fylgja því eftir að starfsmaður skrifi undir ráðningarsamning.

Reglur þessar eru settar með vísan til 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 46. gr. samþykktar um stjórn og fundarskóp Skaftárhrepps, nr. 1530/2020.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps, þann 19. október 2022.

  
Einar Kristján Jónsson  
sveitarstjóri

